

fram, þar sem mál þetta er mjög viðamikl, svo og vegna veikinda og anna dómenda.

Dómsorð:

Stefnda, Ræktunarsamband Breiðdæla- og Beruneshrepps, skal vera sýknt af kröfum stefnanda, Freysteins Þorbergs-sonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður, að því er það varðar.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. Vélasjóðs, greiði stefnanda kr. 112.000.00 ásamt 6% vöxtum p. a. frá 12. júlí 1955 til 22. febrúar 1960, 9% vöxtum p. a. frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 25. febrúar 1963.

Nr. 110/1962. **Stálumbúðir h/f** (Ingi Ingimundarson hdl.)  
 gegn

**Gísla Þórðarsyni** (Egill Sigurgeirsson hrl.).  
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1962. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda. Til vara krefst hann þess, að fjárkröfur gagnáfrýjanda verið færðar niður og málskostnaður þá látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. september 1962. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 262.157.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. september 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim

degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi aðaláfrýjanda.

Snorri Hallgrímsson yfirlæknir athugaði heilsufar gagnáfrýjanda hinn 21. febrúar 1963. Í vottorði hans, dagsettu sama dag, segir m. a.:

„Ástand Gísla nú er að mestu leyti óbreytt frá því, sem lýst er í umsögn minni, dags. 13.4. 1960, að öðru leyti en því, að óþægindi í hæggra hné hafa heldur farið vaxandi. Hann fær þreytuverk í hnéð og lærið, og gera þessi óþægindi sérstaklega vart við sig á nóttunni, og eru það mikil, að þau varna honum oft svefns. Þá finnur hann nú orðið einnig til óþæginda í vinstra fæti, sérstaklega við vissar hreyfingar . . . Niðurstaða þessarar athugunar verður því sú sama og frá er greint í fyrri umsögn.“

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. Hinn 22. janúar 1963 kom fyrir dóm vitnið Björn Hermannsson, sem getið er í héraðsdómi. Er þá m. a. bókað það, sem hér greinir:

„Vitnið tekur nú fram, varðandi það, sem segir í lög-regluskýrslunni, að það sé ekki rétt, að Gísli hafi gengið fyrir framan það, er hann gekk fram fyrir stansinn. Vitnið kveður það hafa verið útilokað, þar sem það hafi staðið fyrir framan stansinn með báðar hendur á honum. Vitnið segir, að Gísli hafi gengið fyrir aftan sig fram fyrir stansinn.“

Vitnið lýsti því enn fremur, að það hafi séð hönd gagnáfrýjanda á ræsihnappinum, en vilji ekki fullyrða, hvort það hafi séð báðar hendur hans á lofti. Hafi það aðeins séð efra hluta gagnáfrýjanda, en ekki fætur hans. Kveðst vitnið ekki hafa getað gert sér grein fyrir því, hvort gagnáfrýjandi hafi hrasað eða gengið beint að ræsihnappinum. Framangreint vætti staðfesti vitnið með eiði.

Í héraðsdómi er lýst holu þeirri, sem var óvarin í gólfi verkstæðishússins, beint fram undan ræsihnappi þeim, sem gagnáfrýjandi studdi á. Er slíkur vanbúnaður á vinnustað brýnt brot á ákvæðum 2. og 3. málsliðs 2. málsg. 13. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952.

Gagnáfrýjandi hefur fullyrt, að hann hafi hrasað á gólfinu, þegar slysið bar að höndum, og verður það ekki talið ósennilegt, eins og frágangi á gólfinu var háttað, hvort sem það hefur gerzt áður eða eftir að hann studdi á ræsihnappinn. Fallast má á það álit héraðsdómenda, að öryggisbúnaði mótunarvélarinnar hafi verið áfátt, svo sem lýst er í héraðsdómi. Er einkum athugavert, að ekki var fylgt þeim reglum um ræsingu vélarinnar, sem til var ætlazt frá verksmiðjunnar hendi.

Samkvæmt framansögðu og forsendum héraðsdóms ber að leggja fébótaábyrgð á aðaláfrýjanda. Jafnframt verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi ekki gætt nægrar varkárni við starf sitt, en hann hafði lengi unnið við mótunarvélina og þekkti vel til hennar og allra aðstæðna á slysstað. Þykir skipting sakar hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Þá má og með skírskotun til forsendna héraðsdóms staðfesta ákvörðun hans um fébætur og málskostnað.

Aðaláfrýjanda ber samkvæmt þessari niðurstöðu að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 15.000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Stálumbúðir h/f, greiði gagnáfrýjanda, Gísla Þórðarsyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1962.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 30. f. m., hefur Gísli Þórðarson, Flöt við Sundlaugaveg, hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Stálumbúðum h.f. við Kleppsvæg, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 262.157.00 með 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1958 til 21. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá 22. febrúar s. á. til greiðsludags og máls-

kostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda breytt kröfum hans um vexti og þess nú krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða 6% ársvexti af dæmdum fjárhæðum frá 10. febrúar 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingafélagi Íslands h.f. til að gæta réttar síns í málinu, en stefndi hefur keypt sér ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Á hendur réttargælustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Hinn 10. febrúar 1958 var stefnandi við vinnu í húsakynnum stefnda við Kleppsvog hér í bænum. Var stefnandi að vinna við að móta vaska, og var til þess notuð stór pressa af gerðinni „Bliss“. Verkstjóri stefnda, Haraldur Haraldsson, hefur lýst framkvæmd verksins á þann veg, að ofan á neðra mótið (plattinn) sé sett járnplata, en þar fyrir ofan sé efra mótið (stansinn) og vegi það um 500 kg. Efra mótið, sem liggur á legum, er dregið út með handafli. Þarf tvo menn til að draga efra mótið út og eins til að ýta því inn. Þegar búið er að koma fyrir plötu þeirri, sem móta á, er efra mótinu ýtt inn. Síðan er ýtt á lítið handfang (hnapp), og slær pressan efra mótið þá niður með 350 tn. þunga. Er pressan hefur mótað plötuna, fer hún sjálfkrafa upp aftur. Þá er gripið í efra mótið og það dregið út að hálfu leyti til þess að hægt sé að ná í vaskinn. Er stefnandi var við þessa vinnu í umrætt sinn, vildi það til á einn eða annan hátt, að stefnandi setti pressuna af stað, áður en búið var að ýta efra mótinu inn aftur. Er pressan féll á neðra mótið, braut hún úr því stórt stykki, um 100 kg að þyngd, og féll það á stefnanda, en efra mótið sjálft skauzt úr úr legunum, lenti utan í hendi samstarfsmanns stefnanda og féll síðan á gólf. Stefndi hlaut af þessu mikil meiðsli og var hann skjótlega fluttur á Slysavarðstofuna og þaðan á Landspítalann til frekari aðgerða.

Verður nú skýrsla stefnanda hér fyrir dómi svo og framburðir vitna raktir.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í umrætt skipti hafi hann unnið við að „stansa“ vaska í „stansvél“ og hafi hann haft sem aðstoðarmann Björn Hermannsson, sem nýlega hafi verið byrjaður að starfa þarna. Kveðst stefnandi hafa verið að ganga að vélinni til að aðgæta, hvort mót vélarinnar væru nægilega smurð. Hann kveðst þá hafa stigið á brún lautar þeirrar, sem sé fyrir framan vélina, og hrasað. Í fallinu hafi hann borið fyrir sig hægri hendina og hafi hún komið á rofa vélarinnar, en vinstri hendi lent á „stansplaninu“. Kveðst stefnandi hafa séð, að allt, sem í pressunni var, hafi komið á sig, en hann kveðst engan tíma hafa haft til að forða sér. Stefnandi kveðst ekki geta gert sér grein fyrir annarri orsök fyrir því, að hann setti vélina í gang, en þessa hrösun. Telur hann, að olía hafi verið þarna á gólfinu, enda hafi ílát með olíu áður dottið á gólfið á þeim stað, er hann stóð, þegar hann hrasaði.

Vitnið Björn Pálmi Hermannsson hefur skýrt svo frá, að það hafi um nokkurt skeið verið búið að vinna við að móta vaska sem nokkurs konar aðstoðarmaður stefnanda. Stefnandi, sem búinn hafi verið að vinna við vél þessa nokkuð lengi, hafi haft það starf að ræsa vélina. Vitnið kveður sitt starf aðallega hafa verið fólgið í því að taka vaskana burt, ýta efra mótinu inn og draga það síðan út aftur. Vitnið kveður sig og stefnanda hafa þurft að fylgjast vel með því að kippa efra mótinu nógu fljótt út, til þess að vaskurinn festist ekki uppi. Hafi þeir því ávallt haft aðra hendina á efra mótinu um leið og það fór niður og kippt því út á miðri leið upp. Þeir hafi þó orðið að aðgæta það, að draga efra mótíð ekki of langt út, því ekkert hafi hindrað það, að hægt væri að draga það alveg út. Umræddan morgun kveður vitnið þetta hafa gengið sinn vanagang, það hafi tekið burtu skálarnar, þegar búið hafi verið að móta þær, en stefnandi hafi séð um að setja í vélina og eins að ræsa hana. Vitnið kveðst svo allt í einu hafa veitt því athygli, eftir að það var búið að taka skálina í burtu og komið á sinn stað fyrir framan efra mótíð til að ýta því inn, að stefnandi hafi gengið fyrir framan það og fram fyrir efra mótíð og beint að ræsihnappinum og stutt á hann. Vitnið kvaðst hafa séð, að þetta mundi fara illa og því hafa reynt að forða sér, en það hafi engum togum skipt, að vélin hafi tekið við sér, þegar hann hafi

verið kominn að hálfu leyti frá mótinu. Vitnið kveður vélina hafa brotið neðra mótið og hent efra mótinu út, og hafi hornið á því komið á handlegg sér, rétt fyrir neðan olnboga. Við það kveðst vitnið hafa hengt til og á stafla af vöskum, sem hafi hrunið. Það næsta, sem vitnið kveðst hafa séð, hafi verið það, að stefnandi sat á gólfinu og efra mótið ofan á fótum hans. Komu strax að menn og náðu mótinu ofan af stefnanda. Skömmu síðar kom sjúkrabifreið og flutti hann á brott. Vitnið kveðst telja, að hér hafi ekki verið um skort á öryggisútbúnaði að ræða, heldur hafi þarna verið um að ræða fljótfærni eða athugunarleysi hjá stefnanda. Það kveður þá stefnanda ekki hafa verið að tala saman, þegar slysið varð og því hafi það ekki getað truflað stefnanda. Vitnið kveður sér hafa virzt stefnandi ekki hugsa neitt um það, hvort efra mótið væri inni eða ekki, þegar hann gekk fram hjá því. Þegar slys þetta varð, kveður vitnið vélina hafa verið ræsta með einum rofa, en vitnið kveðst hafa heyrt á meðan það vann þarna eftir slysið, að vélin hafi áður verið ræst með tveimur rofum. Síðar hafi það ræsikerfi bilað og hafi vélin eftir það verið ræst með einum rofa.

Vitnið Magnús Arnfinnsson vann hjá stefnda í rúma sex mánuði veturinn 19558—1959. Það kveðst af og til hafa unnið við pressu þá, sem stefnandi slasaðist við. Það kveður mjög slæma holu hafa verið við pressuna og hafi starfsmenn alltaf verið að hrasa um hana. Þá kveður vitnið olíu hafa verið í byttu uppi á stalli skammt frá vélinni og hafi olían verið borin á plötur þær, sem móta átti, til þess að reyna að koma í veg fyrir að þær rifnuðu. Vitnið kveður olíuna stundum hafa slettzt á gólfið, sem hafi verið orðið slitið, og troðizt niður í það og hafi gólfið af þessum sökum verið nokkuð hált. Vitnið kveður, að er það vann við umrædda vél, hafi þurft að þrýsta á tvo hnappa til að ræsa hana. Vitnið kveðst telja öruggt, að ekki sé hærra upp í ræsirofa vélarinnar en svo, að unnt sé að hrasa á rofann með hendina, þannig að vélin fari þannig í gang.

Af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins var framkvæmd rannsókn á orsökum slyssins. Í skýrslu um rannsókn þessa segir svo:

„Það, sem hreinlega veldur slysinu, er hugsanavilla hjá Gísla að ræsa vélina, áður en búið er að koma henni í það horf, sem hún á að vera í, áður en stönsun fer fram.

Möguleikar á því að ræsing hafi farið fram, án viðkomu við ræsirofann, eru engir. Einnig getur ekki átt sér stað, að um hrösun sé að ræða og þannig orsakast ræsing, því ræsirof-

arnir eru um 1.75 til 1.80 m frá gólfi. Hins vegar má geta þess, að ræsirofar merktir B og D áttu að vera stilltir þannig saman, að ræsing gæti ekki átt sér stað, nema stutt væri á báð sam-timis.

Hins vegar hefur vélina aldrei verið tengd þannig síðan hún kom til landsins, en búið er að gefa fyrirmæli um að lagfæra það.“

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður. Virð-ist ástand gólfsins fyrir framan vélina vera hið sama í öllum verulegum atriðum og sýnt er á ljósmyndum, sem teknar voru á vettvangi næstu daga eftir slysið og einnig hinn 10. marz 1958. Fram undan vélinni til hægri, í um 0.8—1 m fjarlægð frá undir-stöðu hennar, er hola, um  $20 \times 40 \times 8$  cm að stærð, sem virðist hafa myndast við það, að brotið hafi verið upp úr gólfsteyp-unni. Upp við undirstöðu vélarinnar er timburfleki. Myndast smámishæð milli flekans og hins steypa gólfs. Fyrir framan flekann er múrhúðun á gólfinu nokkuð farin að slitna og springa. Þvert fyrir framan vélina hefur málmræma verið lögð yfir sam-skeyti flekans og gólfsins. Verða menn að gæta varúðar til þess að hrasa ekki um þennan umbúnað.

Það er að vísu svo, að þeir ágallar voru á gólfinu við vélina, sem gátu orsakað það, að starfsmenn þeir, sem við vélina unnu, hrösuðu, ef þeir sýndu ekki fyllstu varkárni. Þegar á hinn bóg-inn er virtur framburður vitnisins Björns Hermannssonar, þá verður að telja ósannað, að gangsetning vélarinnar í umrætt skipti hafi orsakast af hrösum stefnanda vegna þessara ágalla, er hann gekk að vélinni til að athuga, hvort efra og neðra mót vélarinnar væru nægilega smurð. Verður og að telja það ósenni-legt, þegar höfð er í huga hæð ræsisins frá gólfi, 1.75—1.80 m, og aðrar aðstæður. Verður ábyrgð á slysinu því ekki felld á stefnda af þessum sökum.

Á ræsirofa þeim, sem ætlaður er til að stjórna gangsetningu vélarinnar, eru fjórir hnappar (rofar). Stjórnrofi til að færa efra móti lítilsháttar til, aðalræsirofi, stöðvirofi og öryggisrofi. Er slysið varð, var gangsetningu hagað þannig, að aðeins þurfti að ýta á aðalræsirofann til að ræsa vélina. Hins vegar hefur komið í ljós, að hægt var með þar til gerðum lykli að tengja saman aðalræsirofann og öryggisrofann, þannig að ýta þyrfti á báða rofana (hnappana) samtímis, til þess að ræsa vélina. Er ómótmælt, að þessi búnaður hafi verið á vélinni frá upphafi. Verður að telja, að þessi tenging rofanna skapi meira öryggi,

þar sem minni hættu sé á, að starfsmenn ræsi vélina óviljandi eða að óathuguðu máli. Þá er og upplýst, að efra mótið í vélinni var laust í legum þeim, sem það rann eftir, þannig að unnt var að draga það fram úr þeim. Verður að telja, að öryggis-keðja eða annar stöðvunarútbúnaður, sem unnt á að vera að koma fyrir til varnar þessu, hefði dregið úr afleiðingum slyssins eða forðað því. Þá er enginn öryggisútbúnaður á vélinni, sem hindrar gangsetningu hennar, á meðan efra mótið er dregið út, en slíkum útbúnaði á að vera hægt að koma við. Þykir því samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, að um slíkan vanbúnað hafi verið að ræða á umræddri vél, sem valda eigi því, að stefndi eigi að bera ábyrgð á tjóni stefnanda að nokkru leyti.

Þegar öll atvik eru virt, þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda  $\frac{3}{5}$  hluta tjóns þess, sem hann hefur orðið fyrir af slysi þessu.

Kröfur stefnanda eru sundurliðaðar þannig:

1) Örorkubætur .....	kr. 200.537.00
2) Bætur fyrir sársauka, lýti og röskun á stöðu og högum .....	— 60.000.00
3) Örorkumat .....	— 500.00
4) Útreikningur á tjóni .....	— 1.000.00
5) Endurrit og myndir .....	— 120.00

---

Samtals kr. 262.157.00

*Um 1.*

Stefnandi byggir fjárhæð þessa kröfuliðs á tjónútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings, en bætir 10% við fjárhæð útreikningsins. Er því haldið fram af hálfu stefnanda í þessu sambandi, að kaup það, sem miðað sé við í útreikningnum, sé mjög lágt og auk þess muni allt kaup verkafólks hækka verulega frá því, sem nú er.

Dr. med. Snorri Hallgrímsson prófessor hefur metið örorku stefnanda. Í örorkumatinu, sem dagsett er 13. apríl 1960, segir svo:

„Slysið vildi að sögn til með þeim hætti, að þungur „stans“, sem hann var að vinna við, þeyttist á h. læri sjúklingsins og lenti síðan á fótum hans.

Hann var þegar í stað fluttur á Slysavarðstofuna, en þar var gert að 10 cm löngum skurði á h. rist og var sjúklingurinn síðan fluttur á IV. deild Landspítalans.

Skoðun hér leiddi í ljós brot á h. lærlegg þverhönd fyrir ofan hnélið og voru brotendar mjög úr lagi færðir. Þá var og vinstra hælbein brotið og saumaður skurður á h. rist.

Strax eftir komuna var brotið á lærleggnum lagfært með skurðaðgerð og því fest með mergnagla, sem rekinn var eftir endilöngum lærleggnum. Þá var brotið á vinstra hælbeini lagfært og gipsumbúðir lagðar á fótinn.

Gísli vistaðist hér á deildinni til 26/3 '58 og var þá sendur heim með gipsumbúðir á h. læri. Hann byrjaði að vinna hálfan daginn hinn 10. nóvember 1958 og nokkurnveginn fulla vinnu mánuði síðar.

Þ. 28/12 '59 var hann að nýju tekinn á IV. deild Landspítalans og var þá naglinn í h. læri fjarlægður með skurðaðgerð. Hann útskrifaðist 3 dögum síðar og var frá vinnu í sambandi við þessa aðgerð í tæpar 6 vikur.

Við skoðun í dag upplýsir Gísli, að hann hafi enn nokkur óþægindi í h. hné. Hann fær stundum skyndilega sting í hnéð, sem þá gefur eftir, svo honum liggur við falli. Þá þreytist hann nokkuð fljótt í h. ganglim svo og í v. hæl.

Við skoðun 18/2 þ. á. kom eftirfarandi í ljós: Ekki áberandi helti. 12 cm langur vel gróinn skurður er á utanverðu læri, rétt ofan við hné. Annað 10 cm langt rautt ör er á utanverðri h. mjöðm. Áberandi rýrnun er á h. læri, sem mælist  $2\frac{1}{2}$  cm grennra en það vinstra. Rýrnun á vinstra kálfa mælist  $\frac{1}{2}$  cm. Engin stytting er á h. ganglim. H. hné er eðlilegt útlits, en hreyfing takmörkuð, þannig að tæplega er hægt að beygja það að réttu horni. Réttling er eðlileg, en allmikið brak er í hnéskelinni við beygingu. Eðlileg hreyfing í mjaðmarliðum. Vel gróin dökkleit ör framan á h. rist. Þá er ör eftir fleyður utan á v. ökla. Hreyfing í öklalið og fótliðum v. fótar eðlileg.

Hér er um að ræða 49 ára gamlan mann, sem hefur orðið fyrir mjög miklum áverka, brot á h. lærlegg rétt fyrir ofan hné og brot á vinstra hælbeini. Brotin hafa gróið í góðri stillingu, en nokkur hreyfingarhindrun er í h. hnélið svo og óþægindi í hnéliðnum, sem benda til þess að um sköddun á brjóski í hnéliðnum gæti verið að ræða. Þá er h. ganglimur enn ekki búinn að fá fullan þrótt. Brotið á vinstra hælbeini er að vísu fullgróið og hreyfing í fótliðnum eðlileg. Þess ber þó að gæta, að beinið brotnaði inn í liðinn milli hælbeins og næsta beins fyrir framan (oscuboideum), og má því gera ráð fyrir, að sá liður hafi hlotið varanlega sköddun og gæti sú sköddun valdið óþægindum síðar meir.

Orkutap Gísla af völdum slyssins telst hæfilega metið sem hér segir: Frá 10. febrúar 1958 til 10. nóv. 1958 100%. Frá 10.

nóvember 1958 til 12/12 1958 50%. Frá 12/12 '58 til 28/12 '59 30% og frá 28/12 '59 til 15/2 '60 100%. Frá 15/2 '60 18%. Varanlegt orkutap af völdum slyssins telst hæfilega metið 18%."

Á grundvelli örorkumats þessa hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út áætlað atvinnutjón stefnanda.

Lögð hafa verið fram skattaframtöl stefnanda árin 1954—1958 og samkvæmt því hafa hreinar vinnutekjur stefnanda numið þessum fjárhæðum: Árið 1954 kr. 44.471.00, árið 1955 kr. 49.266.00, árið 1956 kr. 63.323.00, árið 1957 kr. 57.148.00, og árið 1958 kr. 22.715.00.

Stefnandi er sagður fæddur 14. janúar 1909 og hefur því verið 49 ára, er slysið varð. Hann er kvæntur og áttu hjónin tvö börn fædd á árunum 1948 og 1950.

Um útreikninginn og grundvöll hans segir tryggingafræðingurinn svo:

„Ofangreindar tekjur eiga að langmestu leyti rætur að rekja til starfa hjá Stálumbúðum h.f. Á skattskýrslu er Gísli talinn bílstjóri og meðlimur í Iðju, félagi verksmiðjufólks. Við umreikning tekna með tilliti til kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, hef ég þó stuðzt við breytingar á Dagsbrúnartaxta, þar eð ég tel breytingar hans á því tímabili, sem hér um ræðir, sýna réttari mynd af kauplagsþróun hjá verkamönnum og skyldum starfshópum en kauptaxti Iðju. Við slíkan umreikning kemur í ljós, að tekjur eru ákaflega jafnar árin 1954, 1955 og 1957 (milli 63 og 64 þús. kr. á ári á núverandi kauplagi), en allmiklu hærrí 1956. Ég er vanur að miða tap vinnutekna við meðaltekjur þriggja ára fyrir slys og hef samkvæmt því miðað hér við árin 1955—1957. Umreiknaðar meðaltekjur þessara ára reiknast mér nema kr. 63.929.00 að meðaltali á tímabilinu febrúar—nóvember 1958, kr. 76.813.00 í des. 1958 til jan. 1959, en eftir það kr. 66.543.00. Er það nokkuð yfir meðallagi verkamannatekna.

.... Miðað var við aldur hans, ofangreindar tekjur og orkutap samkvæmt framangreindu mati reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna nema á slysdegi:

a) Vegna tímabundinnar örorku frá slysdegi til

15/2 1960 ..... kr. 76.270.00

b) Vegna varanlegrar örorku eftir þann tíma .. — 106.037.00

---

Alls kr. 182.307.00

Í útreikningi þessum er reiknað með 6% ársvöxtum og islenskri reynslu af langlífi karla á árunum 1941—1950. Ekki

er í útreikningnum tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins.“

Samkvæmt útreikningi, dags. 3. apríl 1962, hefur Guðjón Hansen reiknað út áætlað atvinnutjón stefnanda af nýju á tvennan hátt, miðað við breytingar þær, sem orðið höfðu þá á kaupgjaldi og sem ákveðið hafði verið að til framkvæmda kæmu hinn 1. júní á þessu ári. Er í öðrum útreikningnum miðað við 6% ársvexti, eins og áður hafði verið gert, en í hinum er miðað við 7% ársvexti. Að öðru leyti eru útreikningar þessir byggðir á sama grundvelli og hinn upphaflegi útreikningur. Um útreikninga þessa segir tryggingafræðingurinn m. a. svo:

„Þegar stuðzt er við meðalvinnutekjur áranna 1955—1957 (sbr. fyrri útreikning), umreiknaðar með tilliti til breytinga á dagvinnutaxta Dagsbrúnar, reiknast mér árstekjur vera sem hér segir:

Febrúar—nóvember 1958 .....	kr. 63.929.00
Desember 1958—janúar 1959 ..	— 76.813.00
Febrúar 1959—júní 1961 .....	— 66.543.00
Júlí 1961—maí 1962 .....	— 73.208.00
Frá 1. júní 1962 .....	— 76.137.00

Hér hefur verið tekið tillit til þeirrar 4% launahækkunar, sem samkvæmt núgildandi kjarsamningi á að koma til framkvæmda 1. júní næstk.

Miðað við ofangreindan tekjugrundvöll reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

	Miðað við 6% töflur	Miðað við 7% töflur
Vegna tímabundinnar örorku ..	kr. 76.270.00	kr. 75.701.00
Vegna varanlegrar örorku ....	— 119.002.00	— 108.737.00

Samtals kr. 195.272.00      kr. 184.438.00“

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að fjárhæð þessa liðs sé allt of há. Aldrei sé hægt að miða við hærri fjárhæð en sem nemur verðmæti vinnutekna reiknað samkvæmt tryggingafræðireglum. Þá beri að draga frá þessari fjárhæð fjárhæð þá, sem stefnandi hafi fengið hjá stefnda eftir slysið, svo og greiðslur, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá er því og haldið fram, að taka beri tillit til þess, að bætur sem þessar sé undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

Eftir öllum atvikum þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00, og er þá tekið tillit til greiðslna

þeirra, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 34.882.60.

*Um 2.*

Af hálfu stefnda hefur kröfulið þessum verið mótmælt sem of háum.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið um slysið og sjúkra-sögu stefnanda, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

*Um 3.*

Fjárhæð þessa kröfuliðs hefur ekki verið mótmælt, og verður hún því tekin til greina óbreytt.

*Um 4.*

Af hálfu stefnda hefur fjárhæð þessa kröfuliðs verið mótmælt sem of háum, þar sem hann virðist eigi geta verið hærri en kr. 500.00. Fari svo að fjárhæð þessa liðs sé raunverulega hærri en kr. 500.00, beri að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar.

Kostnaður við hinn upphaflega útreikning tryggingafræðingsins nam kr. 500.00, en kostnaður við hinn síðari, sem framkvæmdur var í apríl 1962, nam kr. 700.00. Gegn andmælum af hálfu stefnda verða aðeins dæmdar kr. 500.00 samkvæmt þessum lið.

*Um 5.*

Fjárhæð þessa kröfuliðs hefur ekki verið mótmælt, og verður hún því tekin til greina óbreytt.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda nema kr. 171.120.00 (120.000.00 + 50.000.00 + 500.00 + 500.00 + 120.00). Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda  $\frac{3}{5}$  hluta af þeirri fjárhæð eða kr. 102.672.00, ásamt vöxtum, er reiknast 6% frá 10. febrúar 1958 til 22. febrúar 1960, 9% frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.000.00, og er þá tekið tillit til kostnaðar við hinn síðari útreikning á verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda, sem honum var rétt að láta framkvæma.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Hallgrími Jónssyni vélstjóra og Jóhannesi Zoega verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Stálumbúðir h.f., greiði stefnanda, Gísla Þórðar-

syni, kr. 102.672.00 með 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1963.

Nr. 115/1962. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Tómas Jónsson hrl.)

gegn

**Steinari Þorfinnssyni og gagnsök**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

D ó m e n d u r :  
 hæstaréttardómurarnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,  
 og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Ármann Snævarr og  
 Theodór B. Lindal.

Frávisun máls frá héraðsdómi.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. ágúst 1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september s. á. og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnuað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur með heimild samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjað málinu með stefnu 18. september 1962. Eru kröfur hans þessar:

*Aðalkrafa*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 10.796.94 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júní 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. *varakrafa*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 9.528.12 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júní 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

2. *varakrafa*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða